

## Sænskt munntóbak og skaðsemi þess

### Inngangur

Í Evrópusambandinu falla tóbaksvörur undir ákvæði tilskipunar 2001/37/EB „um samræmingu laga, reglna og stjórnvaldsfyrirmæla aðildarríkjanna um framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum“<sup>17</sup>. Mikilvægt markmið tilskipunar 2001/37/EB er að bæta heilsuvernd borgaranna. Það er með hliðsjón af heilsuvernd sem fyrrnefnd tilskipun, og fleiri fyrirmæli, bannar sölu á öllu munntóbaki.

Evrópuþingið og framkvæmdanefndin hafa tilgreint mjög skýrar ráðstafanir sem grípa þarf til við endurskoðun tilskipunar 2001/37/EB. Þess vegna mælir Þýska krabbameinsrannsóknastöðin eindregið með að öll aðildarríkin lögfesti ákvæði sem tryggja að æskulýður og almenningur sé betur varinn fyrir heilbrigðishættum tóbaksins. Slík löggjöf á meðal annars að banna áfram sölu á reyklusum tóbaksvörum, þar á meðal sænsku munntóbaki, þar sem vörur þessar valda heilsutjóni.

### Sænskt munntóbak er hættulegt heilsunni

Sænsku munntóbaki er stungið milli varar og góms. Í því er fínmalað tóbak, blandað bragðefnum, salti, vatni, rakaefnum og efnum til að halda sýrustigi jöfnu. Hægt er að fá þetta tóbak í lausu eða pakkað í skammta og í báðum tilvikum eru ýmsar bragðtegundir á boðstólum.

### Reyklaust tóbak inniheldur nikótín og er vanabindandi

Munntóbak og annað reyklaust tóbak inniheldur nikótín sem er vanabindandi efni<sup>7</sup>. Almennt má segja að reyklaust tóbak, þ.m.t. munntóbak, gefi frá sér álíka mikið nikótín og sígarettur<sup>5,22</sup>. Yfir daginn fá þeir sem nota reyklaust tóbak að meðaltali álíka mikið og jafnvel meira nikótín í líkamann og þeir sem reykja sígarettur<sup>6</sup>. Þeir sem nota reyklaust tóbak verða háðir því á svipaðan hátt og reykjamaenn verða háðir reykstóbaki<sup>5</sup>. Ungt fólk, sem notar munntóbak, finnur svipaða og jafnvel enn meiri nikótínþörf og fráhrarfseinkenni og þeir sem reykja sígarettur<sup>30</sup>. Fyrir bragðið eiga munntóbaksnotendur erfitt með að hætta notkuninni<sup>13</sup>.

### Reyklaust tóbak inniheldur krabbameinsvalda og ýmis eitrefni

Um 28 krabbameinsvaldandi efni hafa fundist í reyklusu tóbaki<sup>23</sup>. Aðalkrabbameinsvaldarnir og þeir sem mest er af eru afar skæðir heilsuspillar. Þetta eru efni sem finnast eingöngu í tóbaki, svonefnd N-nítrósamín. Magn þeirra er dálítið mismunandi eftir því hvaða tóbak er um að ræða. Auk þess eru í

reyklusu tóbaki rokgyörn N-nítrósamín, formaldehýð, benzó[a]pýren, þungmálmar, póloníum-210, úran-235 og -238 og fleiri krabbameinsvaldar<sup>20,23</sup>.


Nikótín er taugaeitur og getur valdið eitrunaráhrifum eins og ógleði og öndunarörðugleikum og getur að lokum leitt til öndunarstopps sem veldur dauða<sup>18,19</sup>. Nikótínskammtar, sem eru 0,8 til 1,0 mg á hvert kíló líkamsþyngdar, teljast banvænir. Hjá börnum getur eitt einasta milligramm af nikótíni valdið eitrunareinkennum<sup>19</sup>.

### Reyklaust tóbak veldur alvarlegum sjúkdómum sem geta reynst banvænir

Krabbameinsvaldarnir í reyklusu tóbaki geta valdið briskrabba<sup>1,8,9,26</sup>, krabbameini í munni<sup>31</sup> og krabbameini í vélinda<sup>9</sup>. Reyklaust tóbak, þ.á. m. sænska munntóbakið, veldur tannholdsþolgu, tannskemmdum, tannmissi<sup>14,21,24</sup>, tannholdsryrnun<sup>3,11</sup>, fyrirmálsfæðingu og yfirvofandi fæðingarkrampa (háum blóðþrýstingi hjá óléttum konum)<sup>15,16</sup>. Sumar vísindarannsóknir benda til að notkun á reyklusu tóbaki geti tengst hjarta- og æðasjúkdómum<sup>4,10</sup>, sykursýki og efnaskiptavillu<sup>28</sup>

(mynd 1).

### Aukin hætta með reyklusu tóbaki




Mynd 1: Heilsutjón sem hlutist getur af notkun reyklusu tóbaks.

Heimild: Ashley 2008<sup>4</sup>. Teikning: Þýska krabbameinsrannsóknastöðin, krabbameinsvarnadeild, 2010.

# Sænskt munntóbak og skaðsemi þess

## Engin ástæða er til að leyfa sölu á reyklausu tóbaki í Evrópu

Reyklasar tóbaksvörur bæta ekki heilsufar Evrópubúa að neinu leyti (mynd 2). Þær mundu á hinn bóginn auka heildartóbaksnotkun þegar fram í sækti.



Mynd 2: Ókostir sænsks munntóbaks. Teikning: Þýska krabbameinsrannsóknastöðin, krabbameinsvarnadeild, 2010.

## Reyklaut tóbak höfðar til ungs fólks

Reyklaut tóbak með litlu níkótíni og sterku bragði getur verið upphafið að frekari tóbaksneyslu ungs fólks<sup>2,4,27</sup>. Í Bandaríkjunum og Svíþjóð hefur notkun á reyklausu tóbaki vaxið verulega síðastliðin ár, einkum meðal ungra karlmanna<sup>2,29</sup>. Algengt er að ungir karlmenn noti bæði reyklaut tóbak og sigarettur<sup>29,35</sup>.

## Reyklaut tóbak eykur heildartóbaksnotkunina þegar fram í sækir

Munntóbaksframleiðendur auglýsa vöru sína sem staðgengil reyktóbaks þar sem reykingar eru ekki leyfðar<sup>4</sup>. Þegar litið er til þess að um allan heim hefur opinber stefna verið að fjölga reyklausum stöðum þá er ljóst að slíkar auglýsingar hvetja reykingamenn til aukinnar notkunar á reyklausu tóbaki og draga þannig úr aðgerðum stjórnvalda til að draga úr tóbaksnotkun<sup>12,27</sup>.

## Reyklaut tóbak kemur ekki að gagni við að venja fólk af reykingum


Ennsem komið er hafa engar ótvíræðar vísindarannsóknir verið birtar um að reyklaut tóbak gagnist til að venja fólk af reykingum<sup>4,32,33</sup>. Þannig er ljóst að þeir sem mæla með reyklausu tóbaki til að létta fólki að hætta reykingum geta vakið með því falskar vonir um hættuleysi. Hægt er að draga úr heilbrigðishættunni með því að hætta tóbaksnotkun alveg, ekki með því að færa notkunina frá einni tóbakstegund til annarrar<sup>32</sup>.

Reynslan í Svíþjóð sýnir að sænska munntóbakið hefur verið notað til að skipta úr reykingum yfir í munntóbak í stað þess að hætta tóbaksnotkun alveg. U.þ.b. einn af hverjum fjórum fyrrverandi reykingamönnum snýr sér að munntóbaki<sup>29</sup> en flestum reykingamönnum (66%) tekst að hætta tóbaksnotkun án þess að nýta sér munntóbak<sup>25</sup>. Munntóbaksnotkun reynist hins vegar lítil meðal kvenna sem hættar eru reykingum og flestum þeirra tekst að hætta reykingunum án munntóbaksnotkunar<sup>25,29</sup>.

Í Svíþjóð er tóbaksnotkun mikil meðal karlmanna: 40% sænskra karlmanna nota tóbak<sup>29</sup>. Hlutfall reykingamanna er að vísu lágt en hlutfall munntóbaksnotenda hefur hækkað verulega. Hlutfallsleg fækkun í hópi reykingamanna stafar einkum af því að mjög hefur fjölgað í hópi þeirra sem aldrei hafa reykt.

## Reykingamönnum hefur fækkað í mörgum löndum án þess að beitt hafi verið neinum reyklausum tóbaksvörum

Vegna vaxandi tóbaksvarna undanfarin ár hefur dregið úr reykingum í mörgum löndum þar sem sala á reyklausu tóbaki er bönnuð. Þannig gerðist það til dæmis í Þýskalandi, Bretlandi, Hollandi, Ítalíu og Finnlandi á árabílinu 2006 til 2009 að hlutfallslega fækkaði um 5% í hópi reykingamanna. Í Svíþjóð fækkaði hins vegar minna hlutfallslega í hópi reykingamanna á sama tímabili<sup>34</sup> (mynd 3).



Mynd 3: Hlutfall reykingamanna í nokkrum löndum Evrópusambandsins. Heimild: TNS Opinion & Social, 2010 (Eurobarometer)<sup>34</sup>. Teikning: Þýska krabbameinsrannsóknastöðin, krabbameinsvarnadeild, 2010.

Til að vernda heilsu almennings í Evrópu á hvergi að hvika frá banninu við munntóbaki, hverju nafni sem það nefnist.